


Reykjavík, 14. desember 2023

## Skógarhlíð 10 – Fyrirspurn


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. nóvember 2023 var lögð fram fyrirspurn Bus hostel ehf., dags. 20. nóvember 2023, um breytingu á deiliskipulagi Skógarhlíðar vegna lóðarinnar nr. 10 við Skógarhlíð, sem felst í að fjölga innkeyrslum inn á lóðina úr tveimur í þrjár, samkvæmt uppdr. Strendings ehf., dags. 12. júní 2023. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. desember 2023.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Loftmynd

## Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skógarhlíð 10 er á svæði sem merkt er sem miðsvæð M7.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Skógarhlíð, samþykkt í borgarráði 10. apríl 2001, með síðari breytingum.

## Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til þess að innkeyrslum að lóðinni nr. 10 við Skógarhlíð verði fjölgað úr tveimur í þrjár. Í greinargerð fyrirspyrjanda kemur fram að þó einungis tvær innkeyrslur séu heimilaðar skv. skipulagi hafi þrjár innkeyrslur verið í notkun að lóðinni síðastliðin 20-25 ár eins og loftmyndir og önnur gögn úr borgarvefsjá bera vitni um.

Fyrirspurnin var send til umsagnar á deild samgangna á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur. Svar samgöngudeildar er svohljóðandi:

*„Afstaða deildar samgangna er að ekki sé ráðlagt að festa í skipulagi 3 innkeyrslur eins og óskað er eftir, en skoða mætti tilfærslu innkeyrslu á skipulagi þannig að sú sem er fyrir miðri lóð væri sýnd nær lóð Skógarhlíðar 12. Svæðið mun allt taka töluverðum breytingum á komandi árum með tilkomu Miklubrautar í stökk eða göng, og verður svæðið sem nú eru mismæg gatnamót Snorrabrautar, Bústaðavegar og Miklubrautar, þróað með það fyrir stafni að búa til þéttara miðborgarumhverfi. Samhliða þeim breytingum mun gangandi og hjólandi vegfarendum fjölga á svæðinu, og í þágu umferðaröryggis er því mælt gegn fjölgun innkeyrslna á lóð Skógarhlíðar 10.“*

Breytingar sem gerðar hafa verið á innkeyrslum að lóðinni frá gildistöku deiliskipulags árið 2001 virðast ekki hafa verið gerðar í samstarfi við Reykjavíkurborg eða með vilyrði hennar. Skipulagsfulltrúi tekur undir athugasemdir samgöngudeildar en hefur að öðru leiti ekki fleiru við umsögn hennar að bæta.

**Niðurstaða**

- Neikvætt er tekið í fyrirspurn um að fjölga innkeyrslum að lóðinni úr tveimur í þrjár.
- Skoða mætti tilfærslu á innkeyrslum ef lóðarhafar telja það henta starfseminni betur.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ólafur Ingibergsson, sérfræðingur hjá hverfisskipulagi